

Aðalfundur foreldrafélagsins 17. október 2019



Foreldrafélagið kynnti starf sitt

- Starf síðasta árs kynnt
- Reikningar samþykktir
- Okkar Kópavogur
 - Hugmynd fyrir lóð leikskólans og allir hvattir til að kjósa hana í núna í forkosningu og í lokakosningu
- Kosið í stjórn
 - 3 að hætta og 3 buðu sig fram
 - Takk fyrir ykkar störf í þágu barnanna
 - Takk fyrir að taka við keflinu 😊

Praktísk atriði frá Leikskólanum

Taupokar

- Leikskólinn er að reyna að minnka plastnotkun og ætlar að taka pokanotkun föstum tókum. Það eru taupokar á báðum göngum sem óhrein/blaut fót fara heim í og við förum fram á að pokanum sé skilað hreinum inná deild barnsins.

Morgunmatur

- Hann er frá 8:15 – 8:45
- Við förum fram á að foreldrar kveðji börnin sín inni á deild og þau fari þaðan inn í morgunmat.
- Við förum líka fram á að það sé ekki gengið í gegnum matsalinn milli eldri og yngri gangs þegar það er verið að koma með börnin í leikskólann. Við viljum halda ró í matsalnum meðan á morgunmatnum stendur.

Þjónustugáttin

- Þar er sótt um að breyta vistunartíma barnsins ykkar. Það þarf að bíða eftir staðfestingu frá leikskólanum varðandi að umsókn sé samþykkt.
- Það þarf að láta vita á deild barnsins ykkar þegar einhver annar sækir barnið ykkar og ef barnið fer heim með vini/vinkonu af leikskólanum.

Okkar Kópavogur

- Farið yfir leikskólalóðina, við viljum gjarnan fá það sem verið er að kjósa um og þiggjum öll atkvæði sem berast. Bæði núna í forkeppninni og í lokakosningu í janúar (við munum minna á okkur þá)

Völu Appið og heimasíðan okkar

- Allir að ná sér í VÖLU appið, við erum að æfa okkur í notkun þess núna. Í framhaldi af því munu samskiptin fara fram í gegnum það og pósta úr því. Endilega athugið hvort þið eruð ekki að fá póstana úr því, eitthvað hefur borið á því að póstar hafa endað í ruslpóstinum.
- Appið tengist heimasíðunni þannig að viðburðir og matseðlar koma fram í appinu.
- Hægt að skrá fjarvist og veikindi þar inni og senda skilaboð á deildina.
- Allir vel upplýstir um appið og einfalt í notkun, fórum ekkert frekar í það. Ef það eru einhverjir óvissir með notkun, endilega komið til Elvu aðstoðarstjóra og það verður skoðað.
- Ef það eru einhverjar athugasemdir varðandi appið, endilega látið vita og við komum þeim niður í Advania til skoðunar

Heilsubók og foreldraviðtöl

- Hér eftir verður skráning í heilsubók barnsins í kringum afmælisdaginn og 6 mánuðum síðar. Hefðbundið foreldraviðtal verður svo í kjölfarið á skráningunni sem er gerð í kringum afmælisdaginn. Eins og alltaf er hægt að óska eftir viðtali hvenær sem er ef ykkur finnst þörf á því.

Breytingar í smiðju

- Lagt af stað í það verkefni í haust að hafa árgangana saman í smiðjunni. Þegar á hólminn var komið, þá gekk þetta ekki og ákveðið var að snúa til baka og hver deild er með sinn dag í smiðjunni.
- Börnin koma flæðandi þangað inn og mega vera stutt og mega vera lengi, fer svolítið eftir áhugasviði barnsins hve lengi þau stoppa þar inni
- Í smiðjunni er t.d. unnið með listsköpun, tilraunir, vísindi, útikennslu og margt fleira

HLIÓM 2 og EFI 2

- Farið var yfir þessar skimanir og fyrir hvað þær standa

Spurningar

- Það kom spurning um Facebook hópana okkar og munum við væntanlega hætta með þá þegar allt er orðið klárt hvað varðar heimasíðuna og Völuna.
- Það kom spurning um hvort við ætlum að finna aðra lausn til að blanda árgöngum saman (auka samskipti milli deila). Þau leika saman á ganginum og við erum að reyna að vera ekki stífar á svæðum. Þau eru í hópum hjá Jónínu milli deilda og verða það áfram. Annað er í umræðu og skoðun hjá okkur.
- Spurt um starfsmannamál. Við erum á pari en erum að auglýsa, hefur lítið komið út úr því.. ef þið þekkið einhverja góða sem vantar vinnu, endilega hafa okkur í huga.
- Spurt um Undraland, hvað væri gert í útikennslustofunni okkar. Svárið var að þarna færi fram sérkennsla.

Fundi slitið